

**DÓMSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**  
**DÓMHÚSINU VIÐ LÆKJARTORG**

*Alþingi.*  
*Erindi nr. P 118 / 215*  
*komudagur 22/11 1994*

Reykjavík 22. nóvember 1994.

Hefi mótttekið bréf yðar dags. 20. okt. sl. þar sem þér æskið umsagnar um frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta- og bókhaldsmálum.

Í upphafi skal minnt á það að stefna löggjafans hin síðari ár hefur verið sú að fækka sérdómstólum og fá verkefni þeirra héraðsdómstólum í landinu.

Siglingadómur var lagður niður með lögum nr. 35/1993

Sakadómur í ávana- og fikniefnamálum var lagður niður með lögum nr. 92/1989.

Sjó- og verslunardómur var lagður niður með lögum nr. 28/1981.

Merkjadómur var lagður niður með lögum nr. 28/1981.

Eins og sakir standa sýnist að héraðsdómstólarnir myndu ráða vel við þann flokk sakamála, sem frumvarpið nær til. Aukinn fjöldi ákæra í þessum málum myndi vissulega auka starfsálag að sama skapi, en þá væri sýnu nær að bæta við starfskröftum hjá héraðsdómstólunum til að mæta því. Þar er yfirleitt aðstaða og tækjabúnaður fyrir hendi. Nauðsynlegrar sérþekkingar er hægt að afla hjá sérfróðum meðdómsmönnum eins og í ýmsum öðrum málaflokkum.

Vegna fullyrðingar í greinargerð frumvarpsins um að meðferð þeirra mála, sem gert er ráð fyrir að höfðuð yrðu fyrir sérstökum héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum, dragist nú óheyrilega er rétt að taka eftirfarandi fram: Frá því að Héraðsdómur Reykjavíkur tók til starfa 1. júlí 1992 hafa 11 mál verið höfðuð fyrir dómstólnum sem gætu fallið til hins sérstaka héraðsdóms í skatta- og bókhaldsmálum skv. 1. gr. frumvarpsins. 10 málanna hafa verið afgreidd og tók afgreiðsla þeirra að meðaltali 90,4 daga frá því að ákæra var send dómstólnum. Stysti afgreiðslutími voru 14 dagar, lengsti 205 dagar. Eitt mál er óafgreitt, sem barst dómstólnum 4. ágúst 1994.

Rétt er að taka fram að í 6 málum af þeim 11 sem að framan getur var einnig ákært fyrir brot á almennum hegningarlögum og gæti því málum af því tagi verið framhaldið fyrir héraðsdómstólunum eftir ákvörðun ríkissaksóknara samkvæmt 7. gr. frumvarpsins. Þetta yrði örugglega nokkuð tafsöm meðferð og benda verður á að nær undantekningarlaust er það svo að ríkissaksóknari byggir ákæru sína á það vönduðum rannsóknargögnum að ekki er þörf á framhaldsákæru. Myndi hann þá væntanlega ákveða það í upphafi við hvaða dómstól málið yrði höfðuð, en skilja verður 7. gr. frumvarpsins þannig að það ætti honum að vera heimilt.

Ég vil leyfa mér að staðhæfa, að sú fullyrðing sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að algengt sé að mál af þessu tagi sem rekin eru fyrir dómstólunum taki 2-3 ár að afgreiða sé beinlínis röng. Mér er heldur ekki kunnugt um að nein rannsókn hafi farið fram sem þessi fullyrðing gæti byggst á. Verið getur að í stöku tilvikum hafi ekki náðst til ákærða þar sem hann hafi flutt úr landi og mál dregist af þeim sökum. Við slík tilvik verður illa ráðið og nýr dómstóll yrði í sama vanda staddur.

Um einstakar greinar frumvarpsins er það að segja að þær eru þannig úr garði gerðar að allar þyrfti þær að endurskoða rækilega, ef frumvarpið ætti að verða að lögum. Til þess þyrfti mun meiri vinnu en ég sé mér fært að inna af höndum.

Niðurstaða mín er því sú að fá rök mæli með samþykkt frumvarps þessa og ætti það að verða að lögum þyrfti að endurskoða það mjög rækilega.

Virðingarfyllst,



Friðgeir Björnsson

Til allsherjarnefndar Alþingis